



Margrét Halldórsdóttir6_hreyfi
Sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs

Víkuna 29. maí til 4. júní mun HSV taka þátt í Hreyfivíku UMFÍ. Hreyfivíka er samevrópskt verkefni sem haldið er víða um Evrópu til að minna á gildi hreyfingar og kynna fyrir sem flestum kosti þess að hreyfa sig. Meðal þess sem fyrirhugað er að verði í boði þessa viku á starfssvæði HSV er kajakróður, sjósund, gönguferðir, jóga og kynning í líkamsrækt. Hefð er fyrir því að fyrsti viðburður ísfirskrar hreyfivíku sé göngutúr upp í Naustahvilft kl. 06:00 á mánudagsmorgni og verður svo einnig í ár.

Síðustu ár hefur Ísafjarðarbær boðið frítt í sund þá daga sem Hreyfivíkan stendur yfir. Hér með óska ég eftir, fyrir hönd HSV, að svo verði einnig þetta árið, að Ísafjarðarbær bjóði iðkendum frítt í sund á meðan Hreyfivíka stendur yfir.

Ísafirði 10. maí 2017

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir
Framkvæmdastjóri HSV